Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um framkvæmd laga 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Ísafirði.** — Í 31. grein í lögum um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað, 8. október f. á., er svo fyrir mælt, að landshöfðinginn gjöri ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlast fullt gildi 1. dag janúarmánaðar 1885, og setji ákvarðanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að breyting reikningsársins geti verið komin í kring þann dag. **37** 17. marz.

Fyrir því gjöri jeg hjermeð þær ákvarðanir, er nú skal greina:

1. Kjörstjórninni á Ísafirði ber að semja kjörskrá og undirbúa að öðru leyti bæjarfulltrúakosningar svo snemma, að almennar bæjarfulltrúakosningar geti fram farið einhvern hinn fyrsta virkan dag í janúarmánuði 1885, og skal þá kjósa 6 bæjarfulltrúa fyrir kaupstaðinn samkvæmt 4. og 6. grein laganna, en hinir fyrri bæjarfulltrúar halda áfram að gegna störfum sínum, þangaðtil hinir nýkosnu fulltrúar geta tekið við eptir 10. grein.

2. Áætlun sú, sem í reglugjörð 26. janúar 1866, 19. gr., er fyrirskipað að semja um útgjöld og tekjur kaupstaðarins, svo og niðurjöfnun bæjargjaldanna og bæjarsjóðsreikningurinn skulu, að því er snertir næsta reikningsár, aðeins ná yfir tímabilið frá fardögum til 31. desember 1884.

3. Hin núverandi bæjarstjórn semur eptir 19. gr. laganna áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir árið 1885.

4. Niðurjöfnunarnefnd þá, sem um er rætt í 21 gr. laganna, skal kjósa samkvæmt þessari lagagrein í septembermánuði næstkomandi, og jafnar hún síðan niður bæjargjöldunum fyrir árið 1885, og fer um þá niðurjöfnun eptir 22. grein.

Þessar ákvarðanir skora jeg þjónustusamlega á yður, herra amtmaður, að tilkynna bæjarstjórninni á Ísafirði henni til eptirbreytni og til frekari auglýsingar fyrir bæjarbúum.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um framkvæmd laga 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri.** — Í 31. gr. laga um bæjarstjórn á Akureyri 8. okt. f. á., er svo fyrirmælt, að landshöfðingi gjöri ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlast fullt gildi 1. dag janúarmánaðar 1885 og setji ákvarðanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að breyting reikningsársins geti verið komin í kring þann dag. **38** 17. marz.

Fyrir því gjöri jeg hjermeð þær ákvarðanir, er nú skal greina:

1. Kjörstjórninni á Akureyri ber að semja kjörskrá og undirbúa að öðru leyti bæjarfulltrúakosningar svo snemma, að almennar bæjarfulltrúakosningar geti framfarið einhvern hinn fyrsta virkan dag í janúarmánuði 1885, og skal þá kjósa 6 bæjarfulltrúa fyrir kaupstaðinn samkvæmt 3. og 5. gr. laganna, en hinir fyrri fulltrúar halda áfram að gegna störfum sínum, þangað til hinir nýkosnu fulltrúar geta tekið við eptir 9. gr.

2. Áætlun sú, sem í reglugjörð 29. ágúst 1862, 19. gr., er fyrirskipað að semja um útgjöld og tekjur kaupstaðarins, svo og niðurjöfnun bæjargjaldanna og bæjarsjóðsreikningurinn, skulu, að því er snertir næsta reikningsár, aðeins ná yfir tímabilið frá fardögum til 31. desember 1884.

3. Hin núverandi bæjarstjórn semur eptir 18. gr. laganna áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir árið 1885.

3. d. aprílm. 1884.

Reykjavík, 1884. Einar Þórðarson.